

Skipulagsfulltrúi
Skorradalshreppur
Grund
311 Borgarnes

Reykjavík 21. febrúar 2019
UST201901-173/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing - Aðalskipulag - Skorradalshreppur – Breyting – Dagverðarnes

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skorradalshrepps er barst 18. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skorradalshrepps í landi Dagverðarness.

Í lýsingu kemur fram að tillaga að breytingu felst í því að á svæði ofan Skorradalsvegar færst hluti frístundasvæðis til og skilgreint verður skógræktarsvæði. Einnig kemur fram að tvö ný skógræktarsvæði verði skilgreind á svæði ofan vegar. Í landi Hvamms í vestri 15,4 ha og í landi Stálpastaaða 32 ha.

Útlendar tegundir

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 10. gr. reglugerðar um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000, er öll ræktun útlendra tegunda hér á landi óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 m hæðar yfir sjó.

Breyting á landnotkun í landi Dagverðarness

Í lýsingu kemur fram að tillaga að breytingu felst í því að á svæði ofan Skorradalsvegar færast austurmörk frístundasvæðis C um 185 m til vesturs og frístundasvæðið minnkar um 4 ha. Nýtt 3,9 ha frístundasvæði verður skilgreint austar á jörðinni ofan Skorradalsvegar, innan núverandi skógræktarsvæðis. Einnig kemur fram að tvö ný skógræktarsvæði verði skilgreind á svæði ofan vegar og ofan við önnur svæði. Óbyggt svæði sem er skilgreint ofan vegar minnkar um 44,9 ha og verður 243,3 ha.

Gróðurfar – sérstök vernd

Í lýsingu segir um gróðurfar að gróðurþekja sé slitrótt að undanskildum túnum og skógræktarreit.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands er frístundasvæði C – F2 á svæði þar sem vex náttúrulegur birkiskógor. Einnig bendir stofnunin á svæði þar sem frístundabyggðir D – F2 og E – F2 eru áætlaðar eru að hluta til á svæði þar sem náttúrulegur birkiskógor vex, og einnig þar sem áætluð eru skógræktarsvæði. Umhverfisstofnun bendir einnig á að skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd njóta sérstæðir og vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra

sérstakrar verndar og ber að forðast röskun þeirra nema brýna nauðsyn beri til. Í 3 mgr. 61. gr. er kveðið afdráttarlaust á um það hvað vernd skv. 1. mgr ákvæðisins felur í sér og þar er mælt fyrir um bann við röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í væntanlegri tillögu er mikilvægt að sýnt verði fram á að brýnir almannahagsmunir réttlætt röskun á svæðum með birkiskógi, sem nýtur sérstakrar verndar í skilningi náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun bendir á að nú þegar hefur stórum hluta náttúrulegs birkiskógs í Skorradal verið raskað vegna frístundabyggða og tengdum framkvæmdum, og að einnig hefur upprunalegum birkiskógum verið raskað með plöntun annarra tegunda inn á svæðin.

Frístundabyggðir

Að mati Umhverfisstofnunar kemur ekki fram í lýsingu að þörf sé á fleiri frístundahúsum í Skorradal, og bendir stofnunin á mikilvægi þess að fram komi í væntanlegri áætlun hve mikið er af óseldum lóðum fyrir frístundabyggð á svæðinu.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur